

GÁTLISTI:

Ef þú getur krossað í alla reiti þá ertu komin(n) langleiðina.

Ég er með þátttakendur frá 3 löndum innan Norðurlandanna*

*Ef verkefnið þitt tengist börnum og ungmennum frá Grænlandi, Íslandi, Færeyjum, Álandseyjum, Austur-Finnlandi eða Norðurheimskautsvæðinu, þarftu aðeins samstarfsaðila frá 2 löndum.

Þátttakendur eru innan við þrítugt

Við stjórnnum sjálf verkefninu – frá upphafi til enda

Verkefnið er hluti af tómstundum okkar og er ekki hluti af t.d. kennslu

Verkefnið hefur skýran norrænan tilgang og skiptir máli fyrir börn og ungmenni á Norðurlöndunum.



Styrkur til samtaka og netverkefna

Rótgróin samtök á Norðurlöndunum geta líka sótt um styrk fyrir norræna vinnu samtakanna. Styrkinn má veita norrænu neti sem er með meðlimi í 3 löndum eða sjálfstjórnarsvæðum innan Norðurlandanna: Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð eða Álandseyjum. Norræna ráðherranefndin veitir árlega u.þ.b. DKK 1 milljón í styrk til samtaka og netverkefna. 19 norræn samtök fengu styrki á árinu 2007 fyrir norræna samvinnu þeirra árið 2008.

Smáa letrið: Þú getur lesið meira um kröfur, gæði og forgangsroðun á heimasíðunni, www.ciriusonline.dk/nordbuk



norden

Norræna barna- og æskulýðsnefndin – NORDBUK

Layout, design & illustrations: www.gogorart.dk



NORÐURLÖNDIN – ER ÞAD FYRIR ÞIG?



ERTU MED GÓÐA HUGMYND? NORDBUK VEITIR ÁRLEGA U.P.B. DKK 3 MILLJÓNIR Í SVÖL VERKEFNI.

Norræna ráðherranefndin veitir árlega u.p.b. DKK 2,7 milljónir í verkefni fyrir ungt fólk á Norðurlöndum, Eystrasaltlöndum og Norðvestur-Rússlandi. Viltu vera með? Lestu þá meira um Verkefnisstyrk hér, eða farðu beint inn á www.ciriusonline.dk/nordbuk. Þú getur líka sótt um styrk fyrir norræna vinnu samtakanna þinna. Lestu meira um styrk til samtaka og netverkefna aftan á bæklingnum.

Verkefnisstyrkur

Er félagið þitt að búa til námskeið fyrir norrænu samstarfsaðila ykkar? Ert þú og vinir þínir að undirbúa leikhúshátíð? - Eða viltu safna saman ungu fólki frá öðrum stöðum á Norðurlöndum til að ræða loftslag við stjórnálamenn?? Kannski hefurðu eitthvað allt annað í huga? Kannski kvikmynd, djass-spuna eða einhvers konar blað?

Ef svo þá er NORDBUK alveg örugglega eitthvað fyrir þig – en mundu: Verkefnið á helst að vera eitthvað sem þið hafið ekki gert áður!

Hvað er styrkt?

NORDBUK dekkar ferðalög, upphald, þóknun handa nauðsynlegum sérfræðingum og önnur útgjöld sem nauðsynleg eru fyrir verkefnið.

Hvernig sækir maður um?

Pegar hugmyndin þín er fullþróuð ferðu inn á www.ciriusonline.dk/nordbuk og skráir þig inn á rafræna umsóknarblaðinu. Þú fyllir út eyðublaðið rafrænt og sendir það af stað. Þú mátt skrifa umsóknina á hvaða norræna tungumáli sem er: dönsku, finnsku, fær-eyysku, grænlenzku, íslensku, norsku, sænsku, eða þá ensku.

Umsóknnum má skila fjórum sinnum á ári og er umsóknarfrestur sem hér segir: 1. febrúar, 1. apríl, 1. september og 1. nóvember. Þú færð svar við umsókn þína 6-8 vikum eftir að umsóknarfresturinn er liðinn.

Árið 2008 styrkti NORDBUK 41 verkefni á Norðurlöndum, Eystrasaltlöndunum og Norðvestur-Rússlandi.

Hvert verkefni fékk að meðaltali í sinn hlut DKK 92.000.

Um það bil 2500 börn og ungmenni frá Norðurlöndum, Eystrasaltlöndum og Norðvestur-Rússlandi tók þátt í NORDBUK-verkefni á árinu 2008.


STADREYNDIR

DÆMI UM VERKEFNI:



Young Foreigners in Aging Europe
Umsækjandi: Helsinki Centre Youth, Finnlandi

Helsinki Centre Youth hélt í apríl 2008 málstofu þar sem rætt var sérstaklega um þær lýðfræðilegu áskoranir sem Evrópa og Norðurlöndin eru að horfast í augu við. Mun þessi lýðfræðilega stefna hafa í för með sér betri kjör fyrir útlenda minnihlutahópa? Hvernig eiga útlendingar að haga sér gagnvart vinnuþingum og tungumáli nýja heimalandsins? Á málstofunni ræddu þátttakendur meðal annars mismunandi fræðileg efni varðandi vinnuþingum. Þátttakendurnir voru frá Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Norðvestur-Rússlandi og Svíþjóð.



Ice and Fire at Heritage Sites
Umsækjandi: Kuldiga Culture Center, Lettlandi

Kuldiga Culture Centre safnaði saman áhugasömum ungmennum frá Svíþjóð, Danmörku, Íslandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Rússlandi á námskeið, þar sem þátttakendur fengu möguleika á að leggja sitt af mörkum til að auka skilning á sameiginlegri norrænni menningu. Þar var líka unnið að því að vekja áhuga hjá fleiri ungmennum fyrir list, menningu og sam-norrænu arfleifðinni. Allt þetta fór fram í Kuldiga í Lettlandi dagana 30. nóvember til 2. desember 2007.



Global Competition and Climate Changes
Umsækjandi: Norræna félagið í Norrbotten, Svíþjóð

Dagana 8.-10. ágúst 2008 hélt Norræna félagið í Norrbotten ráðstefnu í Haparanda í Svíþjóð þar sem þemað var alþjóðleg samkeppni og loftslagsbreytingar. Þátttakendur ráðstefnunnar ræddu áhrif hnattvæðingarinnar á norðurheimskautsvæðið og hvernig norræn svæðissamvinna getur skapað forsendur fyrir Norðurlöndin sem samkeppnishæft og umhverfislega réttlæt-anlegt svæði.



Students for Transgender Inclusion
Umsækjandi: ANSO, Association of Nordic LGBTQ Student Organization, Danmörku

ANSO hefur haldið ráðstefnu þar sem kjör samkynhneigðra á Norðurlöndunum voru í brennidepli. Tilgangurinn var m.a. að gefa þátttakendum nýjar hugmyndir um hvernig bæta má þekkingu á málum kynskiptinga og samkynhneigðra. Verkefnið var grundvallað á óformlegum fræðum og var þess vegna byggt upp í kringum málstofur, hópumræður og reynsluskripti. Ráðstefnan fór fram dagana 15.- 21. maí 2008.

ÞÚ GETUR SKODAD FLEIRI DÆMI UM VERKEFNI Á WWW.CIRIUSONLINE.DK/NORDBUK